

Gerð skjals: Fundargerð	Kvennaskólinn í Reykjavík	
Dags.: 9. júní 2026		
Tími: 13:00		
Staðsetning: Stofa A7 í aðalbyggingu		
Síða 1 af 1		

Tegund fundar Skólanefnd

Fundarstjóri	Kolfinna Jóhannesdóttir
Fundarritari	Guðný Rún Sigurðardóttir
Mætt	Sonja Huld Guðjónsdóttir, Elma Dís Árnadóttir, Tryggvi Másson, Ásbjörn Kristinsson, Sigrún Einarisdóttir, Margrét Gísladóttir, Ásdís Arnalds, Ína Björg Árnadóttir, Kolfinna Jóhannesdóttir, Guðný Rún Sigurðardóttir.

	Fundarefni
1.	Skólastarfið á vorönn ÁA kynnti skólaþróunarteymi Kvennaskólans, tilurð þess og verkefni. Sagði frá sameiginlegum starfsþróunardegi framhaldsskóla sem haldinn var 27. febrúar 2026. Greindi frá starfsþróunardegi innan Kvennaskólans nú í maí en þann dag voru verkefni kynnt sem unnin hafa verið síðastliðið skólaár og eru byggð á áherslum í starfsþróunaráætlun skólaársins 2025-2026 en í henni var áhersla var lögð á: Gervigreind og tæknilausnir í skólastarfi, hatursorðræðu og viðbrögð við henni, stefnumótun vegna leiðsagnar nýliða og námsmat. KJ fór yfir helstu viðburði aðra í skólastarfinu, opið hús, brautskráningu nemenda 22. maí þar sem 207 nemendur voru brautskráðir. Fór yfir stöðuna á umsóknum í skólann og tímasetningar í ferlinu. Sagði einnig frá nýjum námsbrautargrunni og framhaldsskólavef sem mennta- og barnamálaráðuneytið hefur unnið að.
2.	Fréttir úr félagslífi nemenda Ný stjórn Keðjunnar kynnt til sögunnar og forseti fór yfir helstu viðburði í félagslífi nemenda á vorönn 2026.
3.	Fundargerðir Fundargerðir kennarafundar 20. mars og starfsmannafundar 27. maí lagðar fram.
4.	Endurskoðuð rekstraráætlun 2026 KJ greindi frá endurskoðun áætlunar sem miðar að því að skila jákvæðri afkomu í lok ársins líkt og síðasta ár með hliðsjón af því að enn er til staðar aðeins uppsafnaður halli í rekstri skólans.
5.	Mannauðsmál KJ greindi frá breytingum í hópi starfsfólks, námsferð til Austurríkis og öðrum viðburðum í félagslífi starfsfólks á vorönn 2026. Kynnti áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað og helstu aðgerðir sem farið hefur verið í sem og aðgerðir á áætlun til að bæta starfsumhverfi.
6.	Húsnæðismál KJ sagði frá nýrri þjónustugátt hjá FSRE þar sem stofnanir skrá inn beiðnir um viðhald og framkvæmdir. Þá fór hún yfir helstu framkvæmdir og viðhald sem eru í forgangi á árinu.
7.	Önnur mál KJ greindi frá fyrirhuguðum endurfundum nemenda 12. ágúst nk. í tengslum við almyrkva á sólu. Spurt um samvinnu kennara við samningu prófa.
	Fleira ekki gert , fundi slitið kl. 14:25.